



Hjallastefnan

Fundargerð stjórnar (9)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 7. júlí 2021 og hófst kl. 16:00 og lauk kl. 17:21.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir Matthías Matthíasson (fór 16:45) og Guðmundur Kristjánsson (kom inn 16:16). Jafnframt sat Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

Hjallastefnan ehf

1. **Fundargerð** frá 16.06.21 staðfest.

2. **Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra**

KDP kynnti skýrslu sína sem er aðgengileg með öðrum gögnum fundarins.

Hjallastefnan - grunnskólar ehf

3. **Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð BSR**

HJ fór yfir og kynnti gögn sem viðræðuhópur Hjallastefnunnar áformar að senda viðræðunefnd Reykjavíkurborgar. Gögnin voru rædd og stjórn lýsti fullum stuðningi við þær áherslur sem lagðar eru og þakkaði vel unnin gögn.

Hjallastefnan - leikskólar ehf

4. **Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð Leikskólans Öskju**

sbr. dagskrárlíð 4.

Bak-Hjalli ehf

5. **Húsnæðismál á Vífilsstaðatorfunni**

Í fyrirbyggjandi minnisblað MPÓ koma fram verulegar breyttar forsendur sem leiða til þess að Hjallastefnan dregur sig út úr samningum um kaup á byggingunni á Vífilsstöðum. KDP staðfesti að gengið hefði verið frá því í samræmi við ákvörðun síðasta fundar. MPÓ mun af hálfu stjórnarinnar eiga samtöl við tengiliði sína hjá sveitarfélaginu um ýmis mál sem tengjast starfi Hjallastefnunnar á Vífilsstaðatorfunni og framtíð hennar þar.

6. **Húsnæði BSR tryggt út skólaárið**

Lagt var fram minnisblað vegna fundar HJ og KDP með fulltrúum Grunnstoða/HR. Þá voru kynnt þau samningsdrög sem að nú liggja fyrir. Beðið er eftir viðbrögðum Grunnstoða/HR við þeim.

7. **Önnur mál**

Engin.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is